

Föstudaginn 16. febrúar 1940.

Nr. 81/1939. **Bæjarsjóður Reykjavíkur**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Hinu íslenska steinolíuhlutafélagi og  
Bifreiðaeinkasölu ríkisins**

(Theódór B. Lindal).

Eldri sammingsveðréttir ganga fyrir rétti samkvæmt  
uppskriftargerð eftir 48. gr. framfærslulaga nr.  
135 frá 1935.

### **Dómur hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af  
Kristjáni Kristjánssyni, fulltrúa lögmannsins í  
Reykjavík.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar  
með stefnu 9. ágúst f. á. og krafizt þess, að hinn  
áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði  
fyrir uppboðshaldarann að úthluta honum uppboðs-  
andvirði bifreiðar þeirrar, er í máli þessu greinir,  
án þess að stefndu fái nokkuð af því. Svo krefst hann  
þess og, að stefndu verði in solidum dæmdir til að  
greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum  
eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úr-  
skurðar og að þeim verði hvorum um sig dæmdur  
málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að veðréttir stefndu voru löglega til  
orðnir og þinglesnir, áður en uppskriftargerð sú, er  
í málinu greinir, fór fram, þá ganga þeir fyrir þeim  
rétti, sem áfrýjandi kann að hafa öðlazzt fyrir hana.  
Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að nið-  
urstöðu til að þessu leyti.

Stefndu höfðu ekki veðrétt í uppboðsandvirði á hendur öðrum en veðsala, og ber því að fella úr gildi það ákvæði úrskurðarins, að málskostnaður takist af uppboðsandvirðinu.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða hvorum hinna stefndu kr. 175.00 í málskostnað í hæstarétti.

**Því dæmist rétt vera:**

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að öðru en því, að málskostnaðarákvæði hans er úr gildi fellt.

Áfrýjandi, Bæjarsjóður Reykjavíkur, greiði stefndu, Hinu íslenska steinolíuhlutafélagi og Bifreiðaeinkasölu ríkisins, hvorum um sig, 175 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 15. maí 1939.**

Þann 13. okt. f. á. veðsetti Sigurjón Jóhannesson, bifreiðarstjóri hér í bæ, vörubifreið sína, RE. 264, Hinu íslenska steinolíuhlutafélagi með 1. veðrétti til tryggingar skuld samkv. sætt, gerðri í sáttanefnd Reykjavíkur 1. marz sama ár, að upphæð kr. 102.40 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1938 til greiðsludags, og kr. 31.10 í kostnað. Þann sama dag veðsetur hann sömu bifreið með 2. veðrétti Bifreiðaeinkasölu ríkisins til tryggingar skuld skv. úrskurði sáttanefndar Reykjavíkur, uppkveðnum 7. júní f. á., að upphæð kr. 331.25 ásamt 5% ársvöxtum frá 15. ágúst 1937 til greiðsludags og kr. 39.27 í kostnað. Bæði þessi veðskuldabréf eru þinglesin 20. október f. á. 19 sama mánaðar var löghald lagt á nefnda bifreið til tryggingar skuld, að upphæð kr. 180.00 auk vaxta og kostnaðar, og var löghald þetta staðfest með dómi, uppkveðnum í bæjarþingi

Reykjavíkur 29. sama mánaðar. Þann 22. s. m. lét bæjarsjóður Reykjavíkur fara fram uppskrift á bifreið þessari samkv. 48. gr. framfærslulaganna fyrir fátækraskuld Sigurjóns, að upphæð kr. 4637.00, og var hún þinglesin 3. nóv. f. á.

Þann 12. desember f. á. var gert fjárnám í nefndri bifreið eftir kröfu löghaldshafa, en 25. janúar þ. á. fór fram fjárnám í henni á ný eftir kröfu 1. og 2. veðhafa. Þann 18. febrúar var bifreiðin síðan seld á nauðungaruppboði eftir kröfu fjárnámshafanna. Auk þeirra var mætt við uppboðið af hálfu bæjarsjóðs Reykjavíkur, og kom þegar fram ágreiningur um skiptingu uppboðsandvirðisins, en þann ágreining hafa aðiljar nú lagt undir úrskurð uppboðsréttarins.

Bæjarsjóður Reykjavíkur hefir haldið því fram, að með uppskrift á bifreiðinni RE. 264, eign þurfalingsins Sigurjóns Jóhannessonar, og eftirfarandi þinglýsingu, þá hafi hann öðlazzt lögveð í bifreiðinni og gangi það fyrir öllum öðrum höftum og veðkröfum, þótt fyrr séu stofnaðar, og byggir hann þetta á ákvæðum 48. gr. framfærslulaganna. Hefir hann því krafizt þess, að skuld sín verði fyrst greidd af uppboðsandvirði bifreiðarinnar, auk þess sem hann hefir krafizt þess, að Hið íslenska steinoliuhlutafélag, Bifreiðaeinkasala ríkisins og Jónas Sveinsson lækniur verði úrskurðuð til að greiða sér in solidum málskostnað.

Veðhafarnir, Hið íslenska steinoliuhlutafélag og Bifreiðaeinkasala ríkisins, hafa hinsvegar haldið því fram, að þar sem veðréttur þeirra í bifreiðinni hafi stofnazzt áður en uppskrift bæjarsjóðs fór fram, þá beri þeim uppboðsandvirðið framar bæjarsjóði, og hafa þeir jafnframt krafizt málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins af uppboðsandvirðinu eða til vara in solidum af bæjarsjóði Reykjavíkur og Jónasi Sveinssyni lækni.

Löghaldshafinn hefir haldið því fram, að við löghaldið hafi hann öðlazzt hlutbundinn rétt yfir bifreiðinni, og gangi sá réttur fyrir kröfu bæjarsjóðs, þar sem löghaldið hafi farið fram á undan uppskriftinni. Telur hann, að tæpast verði sagt, að lögveð hafi stofnazzt í bifreiðinni fyrir uppskrift bæjarsjóðs, enda uppfylli þinglesturinn ekki skilyrði 48. gr. framfærslulaganna, þar sem vanti útdrátt úr sveitarbók. Hefir hann því krafizt þess, að sér

verði greitt af uppboðsandvirðinu næst á eftir sjálfsvörzluveðhöfum, en á undan bæjarsjóði fjárnámskrafa sín auk málskostnaðar að skaðlausu.

Það er upplýst í máli þessu, að við uppskriftina mætti þurfalingurinn sjálfur og viðurkenndi skuldina, og verður sú viðurkenning í réttinum að teljast jafngild útdrætti úr sveitarbók, enda hefir engin tilraun verið gerð til þess að hnekkja skuldarupphæðinni. Samkv. 48. gr. framfærslulaganna verður því að telja, að við uppskriftina hafi lagzt veðband á umrædda bifreið, en hinsvegar er ekki þar með sagt, að bæjarsjóður hafi öðlazzt lögveð í bifreiðinni á þann hátt, að réttur sjálfsvörzluveðhafa og löghaldshafa þurfi að vikja, eins og haldið hefir verið fram.

Ákvæði 48. gr. framfærslulaganna tryggir það fyrst og fremst, að þurfalingur ráðstafi ekki eignum sínum af frjálsum vilja þannig, að til tjóns verði fyrir framfærslusveit hans, og í öðru lagi, að ekki verði gengið að eignum hans af öðrum kröfuhöfum. Það liggur í orðunum: „gengur fyrir öllum öðrum kröfum.“

Hinsvegar verður að telja, að þar sem stofnazzt hefir löglega veð í bifreiðinni til handa Hinu íslenzka steinoliuhlutafélagi og Bifreiðaeinkasölu ríkisins, áður en nefnd uppskrift fór fram, að þá gangi það fyrir kröfu bæjarsjóðs í uppboðsandvirðinu.

Löghaldið veitir löghaldshafa vernd fyrir ráðstöfunum skuldara í hinum kyrrsettu munum, en hindrar það ekki, að 3ji maður geti gengið að eignum þeim, sem kyrrsettar hafa verið. Verður því að telja, að löghaldið viki fyrir hinni umræddu uppskrift.

Samkvæmt þessu verður að telja, að af uppboðsandvirðinu beri fyrst að greiða sammingsveðhöfunum sína skuld að fullu, en að öðru leyti renni uppboðsandvirðið í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að bæjarsjóður Reykjavíkur greiði veðhöfum upp í málskostnað kr. 50.00, sem takist af uppboðsandvirðinu, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

#### Því úrskurðast:

Af uppboðsandvirði bifreiðarinnar RE. 264 greiðist veðhöfunum, Hinu íslenzka steinoliuhlutafélagi og

Bifreiðaeinkasölu ríkisins, fyrst þeirra veðkröfur að fullu ásamt málskostnaði í máli þessu, kr. 50.00, en afgangurinn renni í bæjarsjóð Reykjavíkur. Að öðru leyti fellur málskostnaður í máli þessu niður.

---

Mánudaginn 19. febrúar 1940.

Nr. 63/1939. **Eggert M. Bachmann og Landsbanki Íslands** (Pétur Magnússon)  
 gegn  
**Ívari Ívarssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Um forkaupsrétt ábúanda að ábúðarjörð sinni.

#### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. júní 1939, hafa krafizt þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda í máli þessu og að hann verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. *Til vara* hafa áfrýjendur krafizt þess, að héraðsdómi verði breytt á þá leið, að stefnda verði heimiluð kaup á háflendu ábúðarjarðar sinnar, Kirkjuhvamms í Rauðasandshreppi, gegn því, að hann greiði fyrir hana fasteignamatsverð eða til vara það verð, er óvilhallir, dómkvaddir menn meta. Og til *þrautavara* hafa þeir krafizt þeirrar breytingar á héraðsdómi, að stefnda verði heimiluð kaup á nefndi háflendu fyrir kr. 505.63. Málskostnaðar fyrir hæstarétti krefjast áfrýjendur eftir mati dómsins, ef önnurhvor varakrafan yrði tekin til greina.